

LÖG

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um tryggingagjald (frestun gjalddaga).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal gjalddagi helmings þeirrar greiðslu sem var á gjalddaga 1. mars 2020 vegna skila á staðgreiðslu vera 1. apríl 2020 og eindagi 14 dögum eftir það. Ákvæðið á ekki við um staðgreiðslu samkvæmt lögum um fjársýsluskatt, nr. 165/2011.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal gjalddagi helmings þeirrar greiðslu sem var á gjalddaga 1. mars 2020 vegna launa næstliðins mánaðar vera 1. apríl 2020 og eindagi 14 dögum eftir það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 13. mars 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.